

A 1864/tillvæxt

Flytjandi Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um norræna bankaþjónustu á rauntíma**Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð ákveði

að fara fram á greinargerð frá ríkisstjórnunum Norðurlanda varðandi viðræður um P27-verkefnið og um það sem gert er til undirbúnings þess og annarrar hugsanlegrar greiðsluþjónustu á rauntíma milli Norðurlandanna.

Bakgrunnur

P27 Nordic Payments Plattform er verkefni á vegum margra af stærstu bönkum Norðurlanda; Danske Bank, Handelsbanken, Nordea, OP Financial Group, SEB og Swedbank. Markmið þeirra er að koma á fót sameiginlegum greiðsluvettvangi milli landanna sem áformað er að hrinda af stokkunum árið 2021.

Þjónustan á að vera í boði fyrir jafnt einstaklinga sem fyrirtæki. Lausnin á að gera greiðslur með farsíma milli Norðurlandanna mögulegar, skapa einfalda og skilvirka meðferð reikninga og gera það öruggt og einfalt að ganga frá greiðslum til og frá öðrum löndum.

Flokkahópur miðjumanna vill auðvelda bæði einstaklingum og fyrirtækjum að millifæra yfir landamærin og fagnar slíkum lausnum. Hópurinn fer þess því á leit við ríkisstjórnir Norðurlanda að þær geri grein fyrir viðræðum sínum um þetta verkefni og að ríkisstjórnirnar útskýri það sem gert er til að ryðja úr vegi hindrunum fyrir þetta og svipuð verkefni sem einfalda bankamillifærslur milli Norðurlanda.



Norðurlöndum, 25. janúar 2021

Anders Eriksson (ÅF)

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)

Arman Teimouri (L)

Bertel Haarder (V)

Edmund Joensen (sb)

Erling Bonnesen (V)

Heidi Greni (Sp)

Inga Sæland (Ff)

Janine Alm Ericsson (MP)

Jaspur Langgaard (sb)

Joakim Strand (sv)

Jouni Ovaska (cent)

Ketil Kjenseth (V)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Linda Modig (C)

Magnus Ek (C)

Mikko Kinnunen (cent)

Mikko Kärnä (cent)

Ole André Myhrvold (Sp)

Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)

Simon Holmström (HI)

Torhild Brandsdal (KrF)